

Fréttatilkynning Stoða 29. ágúst 2008:

Tap Stoða nam 11,6 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2008

Stoðir (áður FL Group) töpuðu 10,2 milljörðum króna fyrir skatta á öðrum ársfjórðungi 2008. Tap eftir skatta nemur 11,6 milljörðum króna. Tapið er að mestu tilkomið vegna fjármagnskostnaðar og lækkunar á markaðsverðmæti eignarhlutar félagsins í Glitni banka. Á síðastliðnum mánuðum hafa Stoðir haldið áfram að endurskipuleggja eignasafn sitt og selt fjölmargar eignir. Hlutabréf félagsins voru skráð úr kauphöll í júní síðastliðnum, nafni félagsins var breytt í Stoðir í byrjun júlí og tilkynnt var um kaup félagsins á kjölfestuhlut í Baugi Group.

Í lok annars ársfjórðungs var eigið fé Stoða 87 milljarðar króna og eiginfjárlutfall í fjárfestingastarfsemi var 29,2%. Eftir kaup á eignarhlut í Baugi Group verður eiginfjárlutfall (proforma) í fjárfestingastarfsemi um 35%. Eignir félagsins við lok annars ársfjórðungs námu 352 milljörðum króna.

Helstu atriði um rekstur félagsins:

- » Á öðrum ársfjórðungi lækkaði markaðsvirði stærstu skráðu eignar Stoða, 32% eignarhlutur í Glitni banka, um 10,7% sem skilar sér í 8,9 milljarða króna tapi hjá Stoðum. Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun gengur rekstur bankans vel og á fyrstu sex mánuðum ársins jukust grunntekjur bankans um rúm 50% á milli ára. Hagnaður af rekstri Glitnis á fyrstu sex mánuðum ársins var 13,4 milljarðar króna sem jafngildir 15,0% ávöxtun eigin fjár. Eigið fé bankans í lok annars ársfjórðungs nam 200 milljörðum króna og heildareignir námu 3.861 milljarði króna.
- » TM, sem tilheyrir samstæðureikningi Stoða, tapaði 130 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi. Afkoma af váttryggingastarfsemi, sem og af fjármálastarfsemi, batnaði á milli fjórðunga en engu að síður er afkoma flestra váttryggingagreina undir væntingum á fyrri helmingi ársins. Afkoma af frjálsum ökutækjatrýggingum er óviðunandi og þá er afkoma af sjótryggingum í Noregi undir væntingum vegna mikils tjónakostnaðar. Samsett hlutfall í váttryggingastarfsemi var 128,6% á öðrum ársfjórðungi. Fjárhagsstaða TM er eftir sem áður sterk og nam eigið fé TM við lok annars ársfjórðungs 23,9 milljörðum króna og eiginfjárlutfall var 30,3%.
- » Hagnaður af reglulegri starfsemi Landic Property á fyrri helmingi ársins 2008 nam 5,4 milljörðum króna. Hagnaður félagsins var 435 milljónir króna á tímabilinu. Heildareignir félagsins í lok júní námu 592 milljörðum króna og eigið fé nam 73 milljörðum króna.
- » Í byrjun júlí festu Stoðir kaup á kjölfestuhlut í Baugi Group gegn greiðslu í hlutafé í Stoðum. Unnið er að frágangi viðskiptanna en með þeim mun eigið fé Stoða aukast um 25 milljarða króna. Baugur Group er einn stærsti fjárfestir í smásöluverslun í Bretlandi og Norðurlöndunum. Meðal stærstu fjárfestinga félagsins má nefna Iceland, House of Fraser, Mosaic Fashions, Hamley's, Goldsmiths, Magasin du Nord og Saks.
- » Stoðir seldu meðal annars eignarhluti sína í Eikarhaldi og Fasteignafélagi Íslands á öðrum ársfjórðungi. Einnig er unnið að frágangi á sölu á 34,8% eignarhluta Stoða í Northern Travel Holding. Að þeim viðskiptum frágengnum munu Stoðir hafa dregið sig alfarið úr fjárfestingum í flugrekstri í samræmi við fjárfestingastefnu sem mörkuð var í árslok 2007. Fyrr á árinu voru hlutir í AMR og Finnair seldir.
- » Hluthafafundur félagsins þann 9. maí sl. samþykkti með 99,86% atkvæða að skrá félagið af markaði OMX Nordic Exchange. Eigendur 16% hlutafjár í félaginu þáðu boð félagsins um að selja bréf sín í skiptum fyrir bréf í Glitni banka og eigendur 84% hlutafjár eiga því áfram hluti sína í óskráðu félaginu. Bréf félagsins voru afskráð þann 6. júní 2008.
- » Í kjölfar gagngerrar endurskipulagningar á rekstri og fjárfestingastefnu félagsins var nafni félagsins breytt þann 4. júlí sl., með fyrirvara um samþykki hluthafafundar. Nafnið Stoðir endurspeglar núverandi starfsemi félagsins og meginviðfangsefni þess sem kjölfestufjárfestis í Glitni, TM, Baugi Group og Landic Property.

Jón Sigurðsson, forstjóri Stoða:

„Afkoma Stoða á öðrum ársfjórðungi ber ótvíræð merki þess umróts sem einkennt hefur fjármálamarkaði frá miðju ári 2007. Lækkun á gengi hlutabréfa og hár fjármagnskostnaður skýra tap fjórðungsins. Við höfum haldið endurskipulagningu félagsins áfram og hefur einn þáttur þess ferlis verið sala eigna sem ekki féllu undir breytta

fjárfestingastefnu Stoða. Afskráning félagsins var mikilvægt skref og rökrétt að mínu viti, og hið sama má segja um breytingu á nafni félagsins; Stoðir gefa rétta mynd af núverandi starfsemi félagsins.

Með kaupum Stoða á Baugi Group eykst eigið fé Stoða um 25 milljarða króna og Baugur Group bætist í hóp kjarnafjárfestinga félagsins, þar sem fyrir voru Glitnir, TM og Landic Property. Meginhlutverk Stoða er að efla og styðja þessi félög og veita þeim kjölfestu til framtíðar.”

Helstu atriði um fjárhag félagsins:

- » Tap Stoða fyrir skatta nam 10,2 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2008.
- » Tap Stoða eftir skatta nam 11,6 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2008, samanborið við 8 milljarða króna hagnað á öðrum ársfjórðungi 2007. Uppsafnað tap fyrstu sex mánuði 2008 er 59,4 milljarðar króna en á sama tíma í fyrra var hagnaður félagsins 23,1 milljarður króna.
- » Afkoma af verðbréfa- og afleiðueign félagsins á öðrum ársfjórðungi 2008 var neikvæð um 4,3 milljarða króna og tekur til skráðra og óskráðra verðbréfa auk framvirkra samninga.
- » Vaxtagjöld námu 8,5 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi en voru 3,3 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra. Vaxtatekjur á öðrum ársfjórðungi 2008 voru 3,2 milljarðar króna samanborið við 473 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2007.
- » Vegna lækkunar tekjuskattshlutfalls úr 18% í 15%, sem tilkynnt var um í maí 2008, lækkaði tekjuskattseign félagsins um 1.400 milljónir króna sem færðar eru til gjalda á öðrum ársfjórðungi.
- » Rekstrarkostnaður vegna fjárfestingastarfsemi á öðrum ársfjórðungi 2008 nam 634 milljónum króna miðað við 1.022 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2007, sem samsvarar 38% lækkun á milli ára. Rekstrarkostnaður fyrstu sex mánuði ársins nemur 1.222 milljónum króna sem er 683 milljónum króna minna en fyrir sama tímabil í fyrra. Rekstrarkostnaður félagsins er samkvæmt áætlun.
- » Heildareignir Stoða við lok annars ársfjórðungs 2008 námu 352 milljörðum króna og hafa lækkað um 70 milljarða króna frá sl. áramótum. Vaxtaberandi skuldir félagsins við lok annars ársfjórðungs námu 192,7 milljörðum króna.
- » Eigið fé nam 86,9 milljörðum króna í lok annars ársfjórðungs. Eiginfjárhlutfall í fjárfestingastarfsemi var 29,3% og eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 24,7% . Samhliða útgáfu nýrra hluta vegna kaupa á eignahlutum á Baugi Group eykst eigið fé Stoða um 25 milljarða króna og er áætlað að eiginfjárhlutfall í fjárfestingastarfsemi verði þá um 35% (proforma).
- » Handbært og veðsett fé samstæðunnar í lok annars ársfjórðungs nam 35 milljörðum króna, þar af name lausafé 15,3 milljörðum króna. Eftirstandandi skuldir sem koma til gjalddaga á seinni hluta ársins nema 5,2 milljörðum króna en þar af eru 2 milljarðar í framlengjanlegum lánaðum.

Meðfylgjandi er yfirlit lykiltalna í rekstrar- og efnahagsreikningi Stoða fyrir annan ársfjórðung 2008 ásamt árshlutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008, árituðum án fyrirvara af endurskoðendum félagsins.

Frekari upplýsingar veitir:

Júlíus Þorfinnsson
Forstöðumaður samskiptasviðs
Sími: 591 4400
Netfang: julius@stodir.is

Nánari upplýsingar um Stoðir má finna á vef félagsins, www.stodir.is.

REKSTRARREIKNINGUR (ISK milljarðar)	6M 2008	6M 2007
Afkoma af fjárfestingum og afleiðusamningum	-27.208	20.131
Vaxtatekjur	5.831	1.970
Vaxtagjöld	-15.829	-6.280
Gengismunur gjaldmiðla	-18.028	8.834
Samtals	-55.234	24.655
Iðgjaldatekjur	6.636	
Tjónakostnaður	-6.915	
Samtals	-279	
Rekstrarkostnaður	-2.960	-1.905
Hagnaður fyrir tekjuskatt	-58.473	22.750
Tekjuskattur	-983	376
Afkoma tímabils	-59.456	23.126

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
EIGNIR (ISK milljarðar)	6M 2008	2007
Handbært fé	15.311	21.125
Ógreitt hlutafjárloforð		7.500
Fjárfestingar í hlutafé	156.258	218.998
Skuldabréfaeign	22.855	16.021
Afleiðusamningar	5.506	6.604
Bundnar bankainnistæður	19.672	53.060
Lán og viðskiptakröfur	69.166	42.348
Endurtryggingaeignir	20.475	13.937
Skatteign	7.530	8.623
Rekstrarfjármunir	1.518	2.167
Ófnislegar eignir	34.027	31.937
SAMTALS	352.318	422.320
EIGIÐ FÉ (ISK milljarðar)	6M 2008	2007
Hlutafé	11.413	13.494
Yfirverðsreikningur hlutafjár	148.688	160.965
Annað bundið eigið fé	6.571	1.626
Óráðstafað eigið fé	-80.015	-20.559
Hlutdeild minnihluta	289	318
SAMTALS	86.946	155.844
SKULDIR (ISK milljarðar)	6M 2008	2007
Afleiðusamningar	14.566	13.488
Skortstöður		3.350
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	16.076	14.469
Vátryggingaskuldir	41.374	29.626
Vaxtaberandi skuldir	192.728	204.979
Skattskuld	628	564
SAMTALS	265.372	266.476
SAMTALS EIGIÐ FÉ OG SKULDIR	352.318	422.320